


**Afstöðumynd**
**mkv. 1:500**

## LÝSING ERINDIS

(B) Erindið er til komið vegna fyrirhugaðra breytinga á gistiheimilinu að Bæjarhrauni 4. Byggingin, sem var hönnuð árið 1983 af Jóni Guðmundssyni arkitekt, er steinsteypt (útveggir og gólfplötur) með hefðbundnu timburþaki klæddu bárujárni. Breytingar á ytra útliti felast í því að anddyri eru byggð beggja vegna stigagangs framan við þau sem fyrir eru, í rými þar sem 2.hæð skagar út fyrir þá fyrstu. Innra fyrirkomulag helst að mestu óbreytt, fyrir utan andyrin sem bætast við, og í óráðstafað rými á fyrstu hæð kemur veitingasalur.

Bílastæðafjöldi er óbreyttur frá áður samþykktum uppdráttum.

Anddyri verða úr einangraðri timburgrind m. klæðningu í flokki 1, og hvílir á steinsteyptum sökklum. Þakskyggni verður klætt samskonar bárujárni og er fyrir á húsinu.

Allar klæðningar verða í flokki 1. Loft á 3. hæð verður gipsklætt til að tryggja brunahólfun gistirýma.

1. HÆÐ. Á fyrstu hæð eru aðalinngangur og tæknirými, Efnalaugin Geysir, Veitingaeldhús, 6 gistirými, veitingasalur og ræstiaðstaða.

2. HÆÐ. Á annari hæð eru 18 gistirými, móttaka og aðstaða fyrir starfsmann, setustofa og þvottaaðstaða fyrir gesti, tæknirými, nærgeymslur og ræstiaðstaða.

3. HÆÐ. Á þriðju hæð eru 14 gistirými, nærgeymslur, tæknirými og ræstiaðstaða.

BRUNAVARNALÝSING

1. Brunaviðvörunakerfi tengt viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar verður til staðar í húsinu. Stjórnstöð staðsett í anddyri á fyrstu hæð.

2. Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

3. Flóttaleiðir af jarðhæð eru um aðaldyr í vestur, og bakdyr í austur. Flóttaleiðir af annari og þriðju hæð eru annars vegar um stigagang, og hins vegar um dyr á suður- og norðurgafli, um 1000mm radius hringstiga niður á gangstétt. Annari og þriðju hæð er báðum skipt í tvö brunahólf með EICS-60 hurðum.

4. Útljósum og neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð verða í öllum helstu rýmum.

6. Leiðbeiningum um flóttaleiðir verður komið fyrir á áberandi stað í öllum gistirýmum.

**TÁKN:**

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | EI-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | A-EICS-60 |
| Rýmingarleið. | ---→ |
| Útljós. | ÚT → |
| Reykskynjari. | R |
| Brunaslanga. | 30 m |
| Stjórnstöð brunavarna | ! |
| Loftræst rými. | LR |
| Niðurfall | NF |

01.11.2007
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins bs

Samþykkt þann
5 MAR 2008
Byggingafulltrúinn Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

**B** - 25.10.2007 - samkomusalur á 1. hæð með veitinga-afgreiðslu.
Aðkeyptar veitingar, en ekki eldað á staðnum.
Nýtt andyri og móttaka fyrir hótelið og veitingaeldhúsið byggt undir efri hæð sem nær út fyrir 1.hæð.

aOK!
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

verk
**Bæjarhraun 4 - Hafnarfirði**
**GISTIHEIMILI**

| teikning | teikning nr. |
|---|---|
| **Afstöðumynd** | **0725** |
| **Lýsing erindis** | **201** |
| **AÐALUPPDRÁTTUR** | |

| hannað | teiknað | dags. |
|---|---|---|
| KE | KE | 25.okt.2007 |
| mkv. 1:500 | tölvuskrá 0725-201.dwg | prentað 25.okt.2007 |

blaðstærð **A2**

**Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.**